

VERKEFNI 2.

Kælikerfi með vatnskældum eimsvala vinnur við eftirfarandi aðstæður:

- A) Kælimiðill er R-717.
- B) Hitastig í þrýstiröri frá þjöppu er 125°C.
- C) Þrýstingur á eimsvala er 10 bar.
- D) Hitastig á vökvalögn að þensluloka er 20°C .
- E) Sogþrýstimælir sýnir – 0,1 bar.
- F) Hitamælir á soglögn við þjöppu sýnir –28°C.
- G) Hitastig vatns að eimsvala er 6°C.
- H) Hitastig vatns frá eimsvala er 16°C.
- I) Vatnsmagn inn á eimsvala mælt með rennslismæli er 33 rúmmetrar á 180 mínútum.

1.

Teiknið einfalda mynd af kælikerfinu, setjið inn hitastig og þrýsting samkvæmt ofangreindu og nefnið alla aðalhluta þess. Staðsetjið skynjara þenslulokans á réttan stað.

(Myndin og skýringar fylli út ca: eina síðu A4)

2.

Setjið alla punkta greinilega inn á meðfylgjandi PH línurit og teiknið hringferilinn.

3.

Finnið út eftirfarandi:

- a. Kæligetu kerfisins í kW.
- b. Afnotkun rafmótorsins í kW.

4.

Hve margar gráður er:

A) Undirkælingin í kerfinu; B) Yfirhitunin í kerfinu.

5.

Hvernig er réttu magni kælivatns stjórnað inn á eimsvallann.